



Kópavogi 19. nóvember 1997

Tilvísun: 97110039

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/ Templarasund
150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn um vopnalög

Með bréfi dagsettu 4. september s.l. voru dómsmálaráðuneytinu sendar ábendingar og tillögur varðandi frumvarpið sem þá hafði verið prentað. Sendist nefnt bréf hér með, en það hefur hugsanlega þegar borist allsherjarnefnd frá dómsmálaráðuneytinu.

Til viðbótar við fyrri ábendingar verður hér vikið að tveimur atriðum; vopnainnköllum vegna óskráðra vopna og kostnaði við framkvæmd laganna.

Rétt þykir að áréttu það viðhorf að æskilegt verður að innkalla öll óskráð vopn þegar og um leið og tölvufærð vopnaskrá á landsvísu verður tekin í notkun. Eigendum óskráðra vopna verði þá gefinn kostur á að skila inn óskráðum vopnum og fá þau skráð að uppfylltum venjulegum skilyrðum og síðan afhent að nýju. Ólöglegum vopnum verða eigendur hins vegar að afsala til lögregluþyrvalda/rikissjóðs. Saksókn vegna brota á gildandi lögum og reglum um skotvopn - að hafa haft undir höndum óskráð og í sumum tilvikum ólögleg skotvopn - félli niður og væri þannig um að ræða skilyrta almenna sakauppgjöf samkvæmt 29. gr. stjórnarskrárinnar. Sýnist hvorki rétt né nauðsynlegt að fjalla um þetta í vopnalögunum en hins vegar er eðlilegt að taka efnið til umræðu í tengslum við setningu laganna.

Um kostnað vegna framkvæmdar nýrra vopnalaga er e.t.v. ekki mikið að segja en eftirfarandi atriði verða þó nefnd. Tölvukerfi á landsvísu og umsjón með því mun að sjálfsgöðu kosta nokkuð. Margs konar afgreiðsluþættir sem lögin kveða á um verða í höndum ríkislögreglustjórans og þess er vænst að í framtíð verði haldið utan um þennan málaflokk af festu eins og nauðsynlegt er að gera. Vafalaust mun aukin stýring og nákvæmari framkvæmd á þessu sviði kalla á meira vinnuframlag en áður hefur verið varið til slíkra þátta og óhjákvæmilega mun það hafa kostnað í för með sér.

Virðingarfyllt



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

KT. 530697-2079 - AUÐBREKKA 6 - 200 KÓPAVOGUR - Sími 554-4000 - FAX 554-3865 - NETFANG: RLS@RLS.IS

Kópavogi 4. september 1997

Tilvísun: 97070144

Dómsmálaráðuneytið
Hr. Benedikt Bogason
skrifstofustjóri
Amarhváli
150 REYKJAVÍK

Ábendingar og tillögur varðandi frumvarp til vopnalaga.

Vísað er til bréfs ráðuneytisins dags. 17. júlí 1997, tilvísun 96090223 551.0. Þar er óskað eftir ábendingum ríkislögreglustjórans varðandi frumvarp til vopnalaga. Í frumvarpinu er að finna margvísleg nýmæli sem mjög eru til bóta.

Með tilliti til framkvæmdar laganna þykir þó rétt að benda á nokkur atriði til frekari skoðunar og leggja til breytingar.

Í 2. gr. e lið er lagt til að getið verði um gasvopn og táragesfni.

Í 1. mgr. 3. gr. er lagt til að til lögreglu teljist opinberir erlendir öryggisverðir sem leyfi fá til þess að flytja inn og bera skotvopn við störf undir stjórn lögreglunnar. Virðist vanta skýra lagastoð í núverandi löggjöf fyrir slíkri leyfaveitingu og eðlilegra þykir að slík notkun falli undir sömu reglur og settar verða um lögreglu. Því verði greinin svohljóðandi:

Lög þessi gilda ekki um vopn, tæki og efni skv. 1. og 2. gr. sem eru í eigu Landhelgisgæslu, fangelsa eða lögreglu, þar með taldir opinberir erlendir öryggisverðir sem fá leyfi til þess að flytja inn og bera skotvopn við störf undir stjórn lögreglunnar. Ráðherra setur um þau sérstakar reglur.

Varðandi 2. mgr. 3. gr. er vakin athygli á nauðsyn þess að lagt verði bann við að breyta slíkum tækjum og efnum. Upp hafa komið tilvik þar sem slíkum búnaði hefur verið breytt í þeim tilgangi að nota sem vopn. Þar sem ákvæði laganna gilda ekki um slík tæki og efni er einnig nauðsynlegt að sett verði heimild til haldlagningar og eignarupptöku vegna misnotkunar.

Varðandi b. lið er sérstaklega bent á að framleiddar eru margvíslegar merkjabyssur sem óeðlilegt er að fella undan ákvæðum sem skotvopn. Eðlilegra er að greinin verði svohljóðandi:

b. línubyssur og tilheyrandi skotfæri, neyðarblysbúnaður og skoteldar sem eingöngu eru ætlaðir til nota við björgunarstörf.

Vakin er athygli á að í nógildandi lögum er kveðið á um að dómsmálaráðherra geti ákveðið að ákvæðið taki ekki til slíkra tækja og efna en geti sett um þau sérreglur. Ekki verður séð að hægt sé að undanskilja slík efni og tæki án þess að ráðherra setji sérstakar reglur svo sem varðandi innflutning, tollafgreiðslu, gæðaeftirlit o.s.frv. Því vanti ákvæði um að ráðherra setji sérstakar reglur.

Í ljósi framanritaðs má benda á þá leið að 2. mgr. 3. greinar hljóði svo:

Ákvæði laganna gilda eftir því sem við á um eftirgreind tæki og efni en ráðherra getur sett um þau sérstakar reglur.

Í 6. mgr. 5. gr. er lagt til að bætt verði við um hernaðarvopn:

Óheimilt er að flytja til landsins, framleiða eða eiga sérstaklega hættulegar tegundir vopna eða hluta til þeirra sem eingöngu eru ætluð til nota í hernaði.....

Lagt er til að bætt verði við síðustu setningu í 8. mgr. 6. greinar þannig að hún hljóði svo:

Í reglugerðinni er einnig heimilt að ákveða nánar hvaða efni og tæki megi flytja til landsins, prófun þeirra, merkingar og gæðaeftirlit.

Í 2. mgr. 13. gr. er ákvæði um undanþáguheimild lögreglustjóra frá banni í 1. mgr. varðandi leyfaveitingu. Orðalag er byggt á 3. mgr. 1. gr. nógildandi reglugerðar sem kallaði á sérstakar útskýringar dómsmálaráðuneytisins sbr. umburðarbréf dags. 12. júní 1995.

Vakin er athygli á því hvort ekki væri rétt að einfalda orðalag í samræmi við áður nefnd umburðarbréf svo og hvort ákvæðið sé ekki of strangt þar sem ekki virðist mögulegt að veita mönnum leyfi ef refsing hefur farið fram úr ákvæðum greinarinnar. Dæmi um það er, ef maður hefur hlotið 1 mánaðar fangelsi, má líta svo á að hann hafi aldrei möguleika á að fá skotvopnaleyfi.

Lagt er til að bætt verði í greinina sem 3. mgr. eftirfarandi:

Frekari undanþágur en um getur í 2. mgr. veitir lögreglustjóri ekki nema að fenginni heimild ríkislögreglustjóra.

Núverandi 3. mgr. 13. greinar verði 4. mgr.

Í 18. gr. er kveðið á um sérstaka landskrá skotvopna. Virðist vanta að tilgreina hver skuli halda umrædda skrá. **Lagt er til að Ríkislögreglustjóra verði falin yfirumsjón slíkrar landsskrár.**

Þá er lagt til varðandi 20. gr. að í stað orðanna **ber á sér komi fer með.**

Ákvæði varðandi flutning skotvopna milli staða virðist vanta og lagt er til að við 1. mgr. 21. greinar bætist: **Við burð og flutning á skotvopnum milli staða skulu þau vera óhlaðin og í umbúðum. Óheimilt er að bera þau á sér innanklæða.**

Vakin er athygli á hvort ekki væri rétt að **taka upp landskrá á leyfum til að fara með sprengiefni og annst sprengingar sbr. 27. gr.** Þykir rétt að sama fyrirkomulag verði varðandi leyfi til sprenginga og varðandi skotvopnaleyfi. Með því vinnst betri framkvæmd skráningar og meiri möguleikar á eftirliti.

Vegna d. liðar 30. gr. er vakin athygli á tilfellum sem reynt hefur á í gegnum árin.

Félagasamtök hafa flutt inn skrautsverð sem notuð eru við athafnir. Sverð eru notuð við skilmingariþróttir, sem leikmunir í kvikmyndum og vegna víkingahátíða sem haldnar hafa verið. Þykir rétt að vekja athygli á því hvort ekki þurfi að vera undanþáguheimild varðandi sverð og sveðjur vegna eðlilegrar starfsemi. Reyndar gæti slíkt átt við vegna annarra vopna sem tilgreind eru í greininni. Rétt er þó að taka fram að skýrt bann er nauðsynlegt varðandi götuvopn í þeim tilgangi að hamla gegn eign, burði og notkun þeirra.

Í síðustu málsgrein 30. gr. er lagt til að síðasta setningin nái yfir **gasvopn og tárágasefni**.

Í 4. mgr. 34. gr. er ákvæði um haldlagningu. Virðist vanta að tilgreina auk, skotvopna, skotfæra, skotelda og sprengiefnis, önnur vopn sem lög þessi og reglur settar samkvæmt þeim ná yfir.

Lagt er til að bætt verði við 4. mgr. eftirfarandi:

Sama á við um önnur vopn samkvæmt lögum þessum.

Varðandi VII. kafla er vakin athygli á umburðarbréfi ráðuneytisins frá 12. maí 1997 og lagt er til að bætt verði við sem 4. mgr. 37. gr. eftirfarandi:

Ríkislögreglustjóri ákvarðar hvernig geymslu og ráðstöfun þeirra vopna er háttað sem haldlögð eru vegna afturköllunar leyfis eða gerð eru upptæk samkvæmt kafla þessum.

Vakin er athygli á því að heimild til að veita erlendum ferðamönnum skammtíma skotvopnaleyfi vegna veiða og skotfimiðkunar er að finna í núgildandi reglugerð en ekki lögum. Bent er á hvort ekki þurfi að athuga með nauðsyn þess að heimildin hafi lagastoð.

Þá er varpað fram þeirri hugmynd sé það talið fært að hafa í lögunum heimildarákvæði ráðherra um vopnainnköllum samhliða sakaruppgjöf vegna ólöglegra vopna. Í þessu fælist að fólk gæti skilað inn og afsalað sér óskráðum vopnum til lögreglunnar án frekari eftirmála. Talið er að talsvert sé af óskráðum vopnum í landinu og hluti þeirra geti verið vopn sem ekki verður veitt leyfi fyrir samkvæmt núgildandi lögum og frumvarpi þessu.

Í þessu sambandi má vísa í umburðarbréf ráðuneytisins dags. 12. maí 1997 þar sem skýr afstaða er tekin til þess að skrá ekki vopn sem óskráð hafa verið enda er talið að það að taka sífellt á skrá óskráð vopn hafi ýtt undir smygl á vopnum til landsins. Því er talið heppilegt að hafa slíka heimild til vopnainnköllum sem beita mætti á t.d. 10 til 15 ára fresti.

F.h.r.



Jón Bjartmarz